

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

24. FUNDUR – 12. júní 2012

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 24. fundar þriðjudaginn 12. júní 2012 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Stefanía Garðarsdóttir. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. *Fundargerðir:*
 - a. *Bæjarráð frá 24. maí 2012*
 - b. *Bæjarráð frá 8. júní 2012*
 - c. *Menningar-og fegrunarnefnd frá 29. maí 2012*
 - d. *Menningar-og fegrunarnefnd frá 30. maí 2012*
 - e. *Menningar-og fegrunarnefnd frá 5. júní 2012*
 - f. *Fræðslunefndar frá 9. maí 2012*
2. *Reglur um leigulönd*
3. *Kosningar samkvæmt samþykktum Blönduóssbæjar*
 - a. *Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar*
 - b. *Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar*
 - c. *Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar*
 - d. *Kjör þriggja aðalfulltrúa og þriggja varafulltrúa í bæjarráð Blönduóssbæjar*
4. *Ákvörðun um sumarleyfi bæjarstjórnar Blönduóssbæjar*

Afgreiðslur:

1. *Fundargerðir:*
 - a. *Bæjarráð frá 24. maí 2012*

Fundargerðin er í 10 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - b. *Bæjarráð frá 8. júní 2012*

Fundargerðin er í 2 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Varðandi lið c í 1 lið fundargerðarinnar situr Zophonías Ari hjá við afgreiðslu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - c. *Menningar-og fegrunarnefnd frá 29. maí 2012*

Fundargerðin er í 1 lið.

d. Menningar-og fegrunarnefnd frá 30. maí 2012

Fundargerðin er í 1 lið.

e. Menningar-og fegrunarnefnd frá 5. júní 2012

Fundargerðin er í 1 lið.

Framangreindar fundargerðir allar teknar til umræðu og afgreiðslu í einu lagi. Að umræðum loknum bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkvæðum samhlj.

f. Fræðslunefndar frá 9. maí 2012

Fundargerðin er í 4 liðum. Varðandi 3 lið vill bæjarstjórn færa fram þakkir til Sigríðar Bjarneyjar Aadnegard fyrir vel unnin störf. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að loknum umræðum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. Reglur um leigulönd

Forseti kynnti fram lagðar reglur um leigulönd.

Reglurnar þvínæst bornar upp til afgreiðslu og samþykktar með 7 atkv. samhljóða

3. Kosningar samkvæmt samþykktum Blönduósbæjar

a. Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Fram kom tillaga um Ágúst Þór Bragason. Tillagan borin undir atkvæði og var samþykkt með 4 atkvæðum 3 sitja hjá

b. Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Fram kom tillaga um Kára Kárason. Tillagan borin undir atkvæði og var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

c. Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Fram kom tillaga um Þórdísi Hauksdóttur. Tillagan borin undir atkvæði og var samþykkt með 4 atkvæðum 3 sátu hjá.

d. Kjör þriggja aðalfulltrúa og þriggja varafulltrúa í bæjarráð Blönduósbæjar

Aðalmenn:

Zophonías Ari Lárusson af L-lista

Anna Margrét Sigurðardóttir af L-lista

Oddný María Gunnarsdóttir af S-lista

Varamenn :

Kári Kárason af L-lista

Hilmar Þór Hilmarsson af L-lista

Þórdís Hauksdóttir af S-lista

Samþykkt samhljóða með 7 atkv. samhljóða.

Breyting á aðalmanni í stjórn b.s.Félagsþjónustunnar inn kemur Ágúst Þór Bragason í stað Zophoníasar Ara Lárussonar.

4. Ákvörðun um sumarleyfi bæjarstjórnar Blönduósbæjar

Forseti bar upp tillögu um að bæjarstjórn taki sumarfrí frá 12. júní til 20. ágúst 2012 og felur bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála á meðan. Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum samhljóða.

Forseti óskaði eftir því að tekinn yrði upp liðurinn önnur mál og var það samþykkt.

5. Önnur mál.

Arnar Þór tók til máls og fór yfir stöðu mála í sveitarfélaginu, talaði um byggðakvóta, gagnaver, framkvæmdir við Kvennaskóla o. fl. framkvæmdir og verkefni sem eru í gangi eða á döfinni á næstunni.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Stefanía Garðarsd. , ritari (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Heiðrún Edda Bjarkadóttir, (sign.)

Ingunn Ásgeirsdóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)